

Viðhengi 7 - Veitur

Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030 – drög til kynningar

Kaflar úr greinargerð með aðalskipulaginu með athugasemdum (breytingum) Veitna.

Úr kafla 4.4 Veitukerfi

Meginmarkmið veitukerfa

Veitur skulu tryggja nægjanlegt framboð af góðu vatni til neyslu og hitunar og skal tryggt að þeim auðlindum verði ekki spillt. Fráveitumálum verði þannig fyrir komið að ekki valdi skaða á umhverfinu. Fráveitumál í dreifbýli verði leyst í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar. Stofnlagnir veitukerfa eru ekki sýndar á aðalskipulagsupprætti heldur á skýringarmyndum í greinargerð. Skýringamyndir eru byggðar á veitugrunnum sem eru inni á kortasjá Garðabæjar. Veitugrunnar eru uppfærðir reglulega af Garðabæ og þeim veitufyrirtækjum sem þjónusta sveitarfélagið. Veitukort í aðalskipulaginu eru aðeins leiðbeinandi lega helstu stofnlagna innan sveitarfélagsins. Nánar skal gera grein fyrir stofnlögnum og dreifilögnum eftir því sem við á í deiliskipulagi.

Almennur texti um veitur

Við skipulag nýrra svæða og breytingar á eldra skipulagi verður þess gætt að tryggja rými fyrir nauðsynleg veitukerfi, stofn- og dreifikerfi, þannig að þau anní eftirspurn eftir þjónustu. Meðal helstu veitukerfa má nefna: Nýjar spennistöðvar rafmagns, dælustöðvar hitaveitu, aukna flutningsgetu rafkerfis og lagningu afkastameiri hitaveitulagna.

Aðkoma Veitna við gerð skipulagsins verður tryggð í upphafi skipulagsferilsins og allt til loka þess. Við vinnslu deiliskipulags verður hugað að lagnaleiðum veitna, þeim lögnum sem fyrir eru, aðgengi að lagnakerfinu eftir uppbyggingu auk lóða fyrir veitumannvirki.

Commented [AN1]: Rauður texti er viðbót Veitna.

Commented [AN2]: Uppfæra þarf skýringarmyndir með veitulögnum í skipulagi og senda Garðabæ.

Commented [AN3]: Viljum gjarnan sambærilegan texta við þennan inn í aðalskipulagið.

4.4.3 HITAVEITA

Samningur er í gildi við Veitur um afhendingu heits vatns til húshitunar. Stofnæð frá Reykjavík liggur nú um Kópavog, meðfram Reykjanesbraut, að Vífilstaðavegi og meðfram honum til vesturs og áfram vestan Flatahverfis til Hafnarfjarðar. Önnur stofnæð liggur úr Jaðarseli í Reykjavík, meðfram Arnarnesvegi og yfir Hnoðraholt, þverar Reykjanesbraut og liggur samsíða hinni fyrir austan Búðahverfis að tengihúsi við Vífilstaðaveg, en liggur síðan áfram meðfram Reykjanesbraut til Hafnarfjarðar. Úr þessum stofnæðum eru greiniæðar í öll byggð hverfi í Garðabæ. Greiniæðar hitaveitu verða lagðar í nýjum hverfum samfara gatnagerð og sinnt verður nauðsynlegri endurnýjun götuæða og heimtauga í eldri hverfum. Hugsanlegt er að reist verði dælustöð við nýju stofnæðina milli Vífilstaðavegar og Hafnarfjarðar.

Commented [AN4]: Þessi texti má fara út þar sem dælustöðin er í hönnun og hefst bygging hennar væntanlega í byrjun næsta árs.



21. Mynd Skýringarmynd, hitaveita (ATH: Álfaneshluta vantar)

Commented [AN5]: Uppfæra skýringarmynd hitaveitu.

4.4.5 RAFORKA

Flutningslínur raforku (132 kV og 220 kV) eru á vegum Landsnets. Núverandi flutningslínur innan sveitarfélagsins eru Hnoðraholtslína og Hamraneslínur 1 og 2. Þessar línur liggja ofan byggða, m.a. um Heiðmörk. Ein flutningslína, Búrfellslína 3B, liggur syðst í sveitarfélaginu á leið sinni frá Suðurlandi til Hafnarfjarðar, sunnan Húsfells, en samhliða henni er gert ráð fyrir tveimur nýjum háspennulínum. Þær eru hluti af styrkingu meginflutningskerfisins á Suðvesturlandi. Gert er ráð fyrir að Hamraneslínur 1 og 2 verði fjarlægðar þegar að línur ofan Húsfells geta tekið við hlutverki þeirra.


Veitur ohf. sjá um dreifingu raforku norðan Hraunsholtslækjar í Garðabæ og annast einnig uppsetningu og rekstur götulýsingar í eigu Garðabæjar.

Dreifikerfi og lágspennukerfi verður lagt í ný hverfi samfara gatnagerð og nauðsynlegri endurnýjun verður sinnt í eldri hverfum.

Uppbygging dreifikerfis fyrir raforku tekur sérstaklega mið af þróun byggðar og landnýtingu á einstökum svæðum. Ákvarðanir bæjaryfirvalda (og annarra sveitarfélaga á veituvæðinu) um staðarval nýrrar íbúðabyggðar, iðnaðar- og þjónustuvæða og hugsanlegra orkukrefjandi fyrirtækja hafa þannig veruleg áhrif.

Á skipulagstímabilinu er gert ráð fyrir auknu álagi á rafdreifikerfi vegna fjölgunar á umhverfissvænum farartækjum. Núverandi uppbygging rafdreifikerfisins gerir ekki ráð fyrir álagi vegna hleðslu umhverfissvænna farartækja, en gert er ráð fyrir jafnri aukningu á fjölda rafknúinna farartækja á skipulagstímabilinu, sem kallar á styrkingu rafdreifikerfisins.

Á næstu árum er fyrirhugað að leggja jarðstrengi í stað háspennulínu sem nú liggur frá Herjólfstraumi í Hafnarfirði, um Garðaholt að Álfanesi og er ráðgert að þeir verði lagðir meðfram fyrirhugðum stofn- og tengibrautum.



23. Mynd Skýringarmynd, rafveita- lágspenna (græn) og háspenna (rauð)

Úr kafla 5.4 Vatnsvernd vatnsbóla(VG, VF)

Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu er skilgreind á uppdrætti Orkuveitu Reykjavíkur frá 2011 og í Fylgiriti II, Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu, sem er hluti af forsendum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2015-2040. Um mitt ár 2015 (19.6.2015) tók gildi samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla á innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Commented [AN6]: Þessi texti er að hluta rangur og einnig texti um skiptingu vatnsverndarsvæðisins í 3 flokka sem breytt var með nýrri vatnsverndarsamþykkt í júní 2015.

Nýr texti um vatnsvernd:

Sameiginleg vernd er á neysluvatnsbólum sem þjóna höfuðborgarsvæðinu og er hún skilgreind í *Samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar* sem gefin var úr í júní 2015. Markmið samþykktarinnar er að tryggja verndun grunnvatns vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins þ.a. gæði neysluvatns uppfylli ávallt kröfur í gildandi löggjöf. Verndun byggist á afmörkun svæðis, stjórnun, eftirliti og vöktun í samvinnu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

Afmörkun vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins er skilgreind á vatnsverndarkorti unnið hjá Vatnaskilum útgefið 20.02.2015.

.....

Commented [AN7]: Skilgreining á flokkun vatnsverndarsvæða í greinargerðinni er úrelt, setja þarf inn nýja skilgreiningu skv. nýrri útgáfu samþykktar frá 25.júní 2015.